

Nd.

727. Nefndarálit

[60. mál]

um frv. til l. um breyt. á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið en varð ekki einhuga um afgreiðslu málsins. Undirritaður skilar því séráliti.

Með samþykkt frumvarpsins er Alþingi að afsala sér valdi, sem það hefur nú, í hendur iðnaðarráðherra. Það telur undirritaður óskynsamlegt. Réttara er að það sé ákvörðun Alþingis hverju sinni hvort útlendingum er heimilað að eiga meiri hluta í fyrirtækjum á Íslandi en láta það ekki vera geðþóttaákvörðun iðnaðarráðherra.

Við umfjöllun í nefndinni kom fram að ástæðan fyrir flutningi frumvarpsins nú er sú að erlent efnaiðnaðarfyrirtæki hafi áhuga á að setja hér upp efnaiðnað með þátttöku íslensks fyrirtækis. Ekki fékkst upplýst nákvæmlega um hvers konar efnaiðnað væri að ræða.

Undirritaður telur að eðlileg aðferð væri að leggja fram frumvarp um það samstarfsverkefni en treystir sér ekki til að standa að því valdaafsali Alþingis sem hér er um að ræða og leggur því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 17. mars 1988.

Páll Pétursson.